



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 137/442
komudagur 26.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um kjararáð o.fl., 114. mál

Samkvæmt úrskurði kjararáðs nr. 2007.5.009 frá 11. apríl 2007 heyrir ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ekki undir kjararáð.

Úrskurðurinn var felldur á grundvelli laga um kjararáð eftir að stjórn sjóðsins óskaði eftir því að kjararáð tæki afstöðu til þess hvort starfsemi NSA væri þess eðlis að kjararáð úrskurðaði um laun og starfskjör framkvæmdastjórans.

Í ítarlegum úrskurði kjararáðs er fjallað um tilurð, eðli og lagaramma þann sem sjóðurinn sækir eftir og varð niðurstaða þess að framkvæmdastjórinn ætti ekki að heyra undir kjararáð.

Þau rök eiga öll að fullu við í dag.


Stjórn NSA hefur gætt þess að stilla mjög í hóf starfskjörum framkvæmdastjóra þrátt fyrir að sjóðurinn hafi starfað á sviði þar sem laun og starfskjör hafi verið allt önnur og ríflegri á allan hátt.

Stjórn NSA getur upplýst að laun framkvæmdastjóra NSA eru ekki hærri en það viðmið sem frumvarpið setur. Þá má einnig geta þess að höfð var hliðsjón af úrskurði kjararáðs um laun æðstu embættismanna nr. 2008.3.001 frá 27. desember 2008 og launum breytt til samræmis enda þótt það væri ekki skylt.

Með vísan til alls þessa er það sem fyrr eindregin skoðun stjórnar NSA að hún eigi að áfram að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra síns.

Því er lagt til að VIII. kafli frumvarpsins verði felldur niður.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS


Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður